

## Inngangur að verklagsreglum um flýtingu/seinkun á skólagöngu í grunnskólum Hafnarfjarðar

Um seinkun eða flýtingu grunnskólagöngu barns við upphaf grunnskólanáms er kveðið á í 15. gr. [laga um grunnskóla](#) nr. 91/2008 um skólaskyldu þar sem segir:

„Skólaskylda barns hefst að jafnaði við upphaf skólaárs á því almanaksári sem barnið verður sex ára. Foreldrar/ forsjáraðilar barns geta sótt um eða samþykkt að það hefji skólagöngu fyrr eða síðar. Skólustjóri getur veitt slíka heimild að fenginni umsögn sérfræðipjónustu. (2. mgr.) ...

Í 32. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008, 2. mgr., um lok grunnskóla segir:

„Skólustjóri metur hvort nemandi hafi lokið grunnskólanámi og ber ábyrgð á útskrift hans úr grunnskóla. Heimilt er að útskrifa nemanda úr grunnskóla áður en tíu ára skyldunámi er lokið, enda uppfylli nemandi námskröfur grunnskóla í samræmi við lokamarkmið aðalnámskrár. Í aðalnámskrá grunnskóla skal nánar kveðið á um útfærslu þessarar greinar. Ákvörðun skólustjóra í þessu efni lýtur ákvæðum stjórnarsýslulaga. Foreldri getur kært synjun um útskrift úr grunnskóla samkvæmt þessari grein eftir fyrirmælum 47. gr.“

Í 47. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 um kærueimildir segir:

„Ákvarðanir um rétt og skyldu einstakra nemenda sem teknar eru í grunnskólum á grundvelli 4. mgr. 5. gr., 4. mgr. 14. gr., 3. og 4. mgr. 15. gr., 5. mgr. 17. gr., 1. mgr. 19. gr., 1. mgr. 23. gr., 4. mgr. 26. gr., 4. mgr. 31. gr., 2. mgr. 32. gr., 2. mgr. 33. gr., 3. mgr. 40. gr. og 2. mgr. 46. gr. eru kærnanlegar til ráðherra. Um meðferð kærnumála fer að ákvæðum stjórnarsýslulaga.

Sveitarstjórn getur ákveðið í samþykkt um stjórn og stjórnarsýslu sveitarfélagsins að áður en hægt er að kæra ákvörðun skv. 1. mgr. skuli fyrst beina kæru til skólanefndar eða annars tiltekins aðila innan stjórnarsýslu sveitarfélagsins. Sé heimild þessari beitt skal sveitarstjórn ákveða hvort þessi kæruréttur eigi við um hluta ákvarðana skv. 1. mgr. eða um þær allar, og þá skal jafnframt tekin afstaða til þess í samþykkt hvort slíkar ákvarðanir sem teknar eru af hálfu sjálfstætt rekinna grunnskóla í sveitarfélagi, sbr. 43. gr., skuli kærnanlegar með sama hætti. Um málsmeðferð á kærustigi innan sveitarfélags fer að ákvæðum stjórnarsýslulaga.“

Af ofangreindu má ráða að seinkun og flýting við upphaf grunnskólanáms er ekki kærnanleg en útskrift úr grunnskóla á minna en 10 skólaárum er það (því 2. mgr. 15. gr. laga um grunnskóla er ekki kærnanleg samkvæmt 1. mgr. í 47. gr. laganna en 32. gr. kveður á um kærueimildin sbr. tilvísanir í lögum hér ofar). Reglurnar hér áfram taka mið af því.

Í [aðalnámskrá grunnskóla](#) frá 2011, bls. 77 segir:

„Meginreglan er sú að börn byrja í grunnskóla á því almanaksári sem þau ná sex ára aldri. Samkvæmt bæði leik- og grunnskólalögum má þó flýta eða seinka skólabyrjun. Skólustjóri grunnskóla getur að uppfylltum ákveðnum skilyrðum heimilað að barn hefji skólagöngu fimm ára eða sjö ára.

Grunnskólalög heimila einnig að nemandi ljúki öllu námi grunnskóla á skemmri tíma en tíu árum. Hér er átt við að bráðgerir nemendur geti útskrifast úr grunnskóla fyrr en aldur þeirra segir til um. Er það lagt í hendur skólans með aðstoð sérfræðipjónustu sveitarfélaga og að frumkvæði foreldra eða fengnu samþykki þeirra að meta hvenær og hvernig flýting af þessu tagi fer fram. Nemendur þurfa að ljúka öllu námi grunnskóla samkvæmt aðalnámskrá áður en þeir útskrifast úr grunnskóla á skemmri tíma en 10 árum. Þrátt fyrir heimild um að ljúka grunnskóla á skemmri

tíma en tíu árum ber grunnskólum að bjóða bráðgerum nemendum upp á að dýpka þekkingu sína í námssviðum grunnskólans eða á fjölbreytt val í öðrum greinum, allt eftir áhuga þeirra.“

Í [Samþykkt um stjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar](#) frá 13. ágúst 2013 segir í 64. grein, 3. mgr.:

„Með vísan til 2. mgr. 47. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla og 2. mgr. 30. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla skal beina kæru, vegna ákvarðana skv. 1. mgr. 47. gr. grunnskólalaga og 1. mgr. 30. gr. leikskólalaga, til fræðsluráðs áður en unnt er að kæra slíka ákvörðun til ráðherra.“

Sökum þess að sérstök ákvæði eru í Hafnarfirði um að kæruheimild skuli fyrst fara í gegnum stjórnslu sveitarfélagsins áður en kæra fer til ráðuneytis taka sumar reglurnar hér áfram mið af því.

#### MEGINREGLA UM SEINKUN OG FLÝTINGAR:

Það er meginregla í stjórnslu leik- og grunnskólakerfisins í Hafnarfirði að barn sæki grunnskóla á lögbundnum aldri, þ.e. frá 6-16 ára aldurs. Eigi að seinka eða flýta grunnskólagöngu barns við upphaf eða lok hennar þurfa gild, efnisleg sjónarmið að koma til. Þess vegna þarf hver umsókn, sem alltaf er á ábyrgð aðstandenda nemenda, um flýtingu/seinkun að fá viðeigandi umfjöllun í stjórnslu skólakerfisins innan tilsettra tímamarka. Sömuleiðis þarf að taka tillit til sjónarmiða foreldra gagnvart slíkum óskum þegar niðurstöður sérfræðinga gefa ekki ótvírætt til kynna hvort flýting/seinkun eigi rétt á sér þar sem foreldrar bera meginábyrgð á uppeldi barns síns og grunnskólagangan er mikilvægur hluti þess. Fyrir seinkanir og flýtingar eru gerðir fjórir mismunandi verkferlar eftir eðli máls og eru kynntir sérstaklega.

Á grunni ofangreindra ákvæða í lögum, reglugerðum (þ.m.t. aðalnámskrá) og samþykkt Hafnarfjarðarkaupstaðar eru eftirfarandi verklagsreglur settar um seinkun og flýtingar í námi í grunnskólum Hafnarfjarðar (sér skjöl).

#### VERKLAGSREGLURNAR ERU Í SÉR SKJÖLUM:

1. Verklagsreglur um seinkun á upphafi náms við grunnskóla Hafnarfjarðar.
2. Verklagsreglur um flýtingu á upphafi náms við grunnskóla Hafnarfjarðar.
3. Verklagsreglur um flýtingu milli bekkja innan grunnskóla Hafnarfjarðar (kæruheimild).
4. Verklagsreglur um flýtingu á lokum náms við grunnskóla Hafnarfjarðar (kæruheimild).

Reglur þessar voru staðfestar í fræðsluráði Hafnarfjarðar 23. september 2015

Hafnarfirði 30. september 2015

  
Magnús Baldursson, sviðsstjóri fræðslu- og frístundaþjónustu